

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☐ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 27. maí 2008  
Tilvísun: UST20080500115/bs


### Allt að 750 kW Árteigsvirkjun í Nípá við Árteig, Þingeyjarsveit. Umsögn um matsskyldu.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að reisa um 750 kW virkjun í Nípá. Framkvæmdasvæðið er að hluta hið sama og fyrri virkjunar Árteigsvirkjunar 4. Fyrirhuguð virkjun er rennslisvirkjun. Inntakslón verður 200-300 m<sup>2</sup>. Stífla verður steinsteypt um 15m löng og 3 m há. Aðkoma að stíflustæði verður að hluta um fyrirbyggjandi vegslóða. Nýr slóði verður um 700 m að lengd. Þrýstipípa verður grafin niður samhliða slóð að frátöldum 500 m kafla næst stöðvarhúsi. Lengd þrýstipípu er alls 2760 m. Framkvæmdasvæðið er ýmist gróðursnauðir melar eða melholt milli þurra lyngmóa. Hvergi er farið um votlendi né kjarr eða náttúruminjasvæði. Lögð verður áhersla á lágmarksstyrkingu vegslóða. Efnisþörf er talin vera um 400-600 m<sup>3</sup>. Efni verður tekið úr námum sem nýttar hafa verið við fyrri virkjanaframkvæmdir. Eins og framkvæmdinni er lýst ættu sjónræn áhrif að verða lítil hvort heldur sem litið er til fyrirhugaðrar virkjunar einnar eða í samhengi þeirra mannvirkja sem fyrir eru á umræddu svæði.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind virkjun muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson



Guðrún Þorvarðardóttir